

17. maí 1974.

169

Nr. 103.

## REGLUGERÐ

### um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

#### 1. gr.

Við tollafgreiðslu skal innheimt sérstakt innflutningsgjald af bifreiðum, skv. heimild í 16. gr. laga nr. 4/1960. Gjald þetta skal innheimt af öllum bifreiðum, að undanskildum bifreiðum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

- 87.02.31 sjúkrabifreiðar og snjóbifreiðar.
- 87.02.32 snjósleðar.
- 87.02.38 sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota.
- 87.03.01 slökkviliðsbifreiðar.
- 87.03.02 snjóplógar.
- 87.03.09 aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.

Sams konar gjald skal innheimt af bifhjólum.

#### 2. gr.

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum er ákveðið 35% af tollverði (cif-verði), sbr. ákvæði II. kafla tollskrárlaga nr. 6/1974. Þó skal einungis innheimta 20% gjald af tollverði dráttar bifreiða í tollskrárnúmeri 87.01.20, almennings bifreiða í tollskrárnúmeri 87.02.20 og vörubifreiða að burðarmagni 6 tonn og þar yfir í tollskrárnúmerum 87.02.33 og 87.02.34.

Um ákvörðun tollverðs notaðra bifreiða skal í þessu sambandi farið eftir auglýsingu nr. 15/1974 um tollverð notaðra bifreiða.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 257/1973 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 17. maí 1974.*

F. h. r.

**Jón Sigurðsson.**

*Björn Hafsteinsson.*